

Úrskurðarorð:

Kröfum sóknaraðilja í máli þessu er hafnað.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 18. desember 1985.

Nr. 272/1985. **Ákærvaldið**

gegn

Einari Steinssyni

Kærumál. Gæsluvarðhald. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Guðmundur Skaftason og Halldór Þorbjörnsson.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 12. þ.m., er barst Hæstarétti næsta dag. Hann krefst þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Af hálfu ákærvalds hefur ekki borist greinargerð.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lögð skýrsla, sem tekin var af varnaraðilja 11. desember hjá rannsóknarlögreglu ríkisins, en héraðsdómari hafði eigi haft í höndum, er hann kvað upp úrskurð sinn. Kemur þar fram, að varnaraðili kannast við, að hann hafi falsað nöfn bankastarfsmanna á úttektarseðla þá, sem getið er í úrskurðinum, enn fremur að hafa notað í viðskiptum tékka, sem hann hafi ritað á eyðublöð úr tveimur tékkheftum, er hann hafi tekið að ófrjálsum og undirritað tékkana fölsuðum nöfnum. Telur varnaraðili, að hér sé alls um 5 tékka að ræða. Ákærði hefur ekki breytt fyrri framburði um ferðatékka þá sem fundust í skjalatösku hans.

Eftir sem áður þykir nauðsyn bera til að komið sé í veg fyrir, að varnaraðili geti spillt sönnunargögnum, og ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

S é r a t k v æ ð i

Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara.

Skýrsla sú, sem tekin var af varnaraðilja og getið er um í atkvæði meiri hluta dómenda, var tekin fyrir hádegi hinn 11. desember 1985. Skýrsla þessi var tekin hjá rannsóknarlögreglu ríkisins, sem gert hafði kröfuna um gæsluvarðhald varnaraðilja. Í yfirheyrslu þessari játaði varnaraðili á sig þau atriði, sem óupplýst voru, er gæsluvarðhalds var krafist, nema að hafa stolið eða dregið sér 5 ferðatékka, samtals að fjárhæð 500 bandaríkjadollara. Auk þess viðurkenndi hann í yfirheyrslu þessari að hafa tekið 2 tékkahefti að ófrjálsu og notkun eyðublaða úr þeim. Þegar úrskurðurinn var kveðinn upp, hefði varnaraðili því játað á sig þær sakir, sem hann var borinn, aðrar en töku ferðatékkanna, sem hann kvaðst hafa fundið á götu. Auk þess hafði hann, eins og að framan greinir, játað sakir, sem ekki höfðu verið á hann bornar. Eigi verður séð, að varnaraðili geti haft aðstöðu til þess að spilla sönnunargögnum varðandi þessi atriði, en þau gögn, sem hugsanlega yrðu fundin um ferðatékkana, önnur en framburður varnaraðilja sjálfs, virðast hljóta að vera innan bankans, sem talinn er hafa átt tékkana.

Verður úrskurður um gæsluvarðhald varnaraðilja því ekki reistur á ákvæðum 1. töluliðar 67. gr. laga um meðferð opinberra mála eftir lok rannsóknar þeirrar, sem fór fram hjá rannsóknarlögreglu ríkisins að morgni 11. þ.m., en niðurstöðu hennar hefði átt að tilkynna sakadómsmála um tafarlaust.

Samkvæmt framangreindu ber að fella hinn kærða úrskurð úr gildi.

Málkostnaður verður ekki dæmdur á þessu stigi málsins.

Úrskurður sakadóms Hafnarfjarðar 11. desember 1985.

Árið 1985, miðvikudaginn 11. desember, er á dómþingi sakadóms Hafnarfjarðar, sem háð er að Strandgötu 31, Hafnarfirði, af Guðmundi L. Jóhannessyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur (sic) þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins krafðist þess hér fyrir dómi í gær, að Einar Steinsson viðskiptafræðinemi, Birkihvammi 1, Hafnarfirði, fæddur 11.2.

1961, nnr. 1833-8998, verði úrskurðaður til að sæta gæsluvarðhaldi til föstudagsins 20. des. nk. kl. 17:00. Hann er grunaður um þjófnað, skjalfals og fjársvik. Krafan er byggð á því, að ákærður hafi ýmist neitað sakargiftum eða hafi ekki gefið viðhlítandi skýringar í sambandi við ætluð brot, þó að gögn málsins bendi til sektar hans um þessi brot, en málið sé á algjöru frumstigi rannsóknar og með vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974 beri brýna nauðsyn til, að kærður sæti gæsluvarðhaldi, meðan rannsókn sé áfram haldið.

Atvik máls þessa eru þau, að þann 4. desember síðastl. lagði kærði kr. 3.000,00 inn á sparisjóðsbók sína nr. 26002 við Sparisjóð Hafnarfjarðar. Er innleggið var fært inn í bókina, urðu þau mistök hjá starfstúlku Sparisjóðsins, að eftir að hafa fært inn kr. 3.000,00 í innlagningardákkinn, bókfærði hún sem innistæðu í bókinni kr. 178.298,24 í stað 20. 298,24, þar eð kr. 17.298,24 höfðu verið fyrir í bókinni. Mistökin komu í ljós strax næsta dag, 5. des., og kom fram hjá starfsfólki Sparisjóðsins, að haft hafi verið sambandi við kærða þennan dag og mistökin verið skýrð fyrir honum. Hann hafi þann dag komið í útibú Sparisjóðsins í norðurbæ og ætlað að taka þar út kr. 100.000,00. Úttektin hefði verið stöðvuð og honum tjáð raunveruleg innistæða í bókinni, en þá ekki viljað láta leiðrétta bókina þar, heldur sagst ætla að fara í aðalsparisjóðinn. Þangað hefði hann komið sama dag og þá enn verið skýrt fyrir honum, hver raunveruleg innistæða bókarinnar væri, en er starfsfólkið í Sparisjóðnum hefði viljað leiðrétta bókina, bar hann því við, að hann hefði ekki bókina meðferðis. Daginn eftir, 6. des., tók ákærði út úr bókinni í Sparisjóði Reykjavíkur og nágreinnis kr. 104.000,00 og tókst það, þar eð á úttektarseðlinum, merktum Landsþjónusta Sparisjóða, hafði komið fram, að haft hafði verið sambandi við reikningssparisjóðinn og tilgreint á hann nafn þess, sem upplýsingar átti að hafa veitt í reikningssparisjóði, Jóhanna og annað nafn, sem leitaði upplýsinganna. Starfsmenn Sparisjóðsins kannast ekki við þessar ritanir á úttektarseðlinum, en þær eru auk bankanr. og Hafnarfjarðar um reikningsparisjóð ritadar á hann með svörtu bleki, en seðillinn að öðru leyti ritadur með bláu bleki. Kærður er grunaður um að hafa sjálfur ritad þetta á úttektarseðilinn til að auðvelda sér úttektina. Þann 9. des. sl. kom hann svo aftur í Sparisjóð Reykjavíkur og nágreinnis og reyndi að taka út úr bókinni kr. 75.000,00 og framvísaði þá úttektarseðli með þessari upph. og nafni kærða, heimili og bókarnúmeri kærða með bláu lettri, en nær sömu nafnritanir og á fyrri úttektarseðli með svörtu lettri. Kærður var stöðvaður í þessari úttekt og rannsóknarlögglumenn kallaðir á staðinn, þar sem grunur lék á, að það, sem fært hafði verið með svörtu bleki á seðilinn, væri falsað af kærða. Hann var þá tekinn og færður til yfirheyrslu hjá rannsóknarlög-reglu ríkisins. Við athugun á sparisjóðsbók kærða nr. 26002 kom í ljós,

að innleggið 4. des. sl., sem átti að vera kr. 3.000,00 hafði greinilega verið breytt með ritvél og penna í kr. 161.000,-.

Kærður hefur viðurkennt að hafa tekið kr. 104.000,00 og ætlað að taka kr. 75.000,00 út úr bókinni, en kannaðist ekki við að hafa ritað á úttektar-seðlana það, sem ritað var með svörtu lettri, og neitaði í fyrstu að hafa breytt sparisjóðsbókinni, þ.e. að breyta skráðri innlögn úr kr. 3.000,00 í kr. 161.000,00, en viðurkenndi það svo við skýrslutöku hér fyrir dómi. Hann hefur viðurkennt, að skráð innistæða á bókinni hafi verið of há miðað við það, sem hann vissi um, að hafði verið lagt inn á hana, en borið því við, að hann hafi skýrt það þannig, að námslán, sem hann átti í vændum, hafi verið fært inn á hana, þó að fram hafi komið hjá honum, að hann eigi ekki von á, að það komi til útgreiðslu fyrr en eftir áramót og að hann hafi gengið frá slíkri lántöku með því að skrifa undir skulda-bréf.

Vegna meintra brota kærða var með hans samþykki gerð húsleit á heimili hans. Þar sem fannst skjalataska, og voru í henni m.a. 5 óútfylltir ferðatékkar á American Express Company, hver að upphæð \$100, og óútfyllt ávísanaeyðublað á Iðnaðarbanka Íslands, aðalbanka, nr. 179.2575. Við rannsókn kom í ljós, að erlendu ferðatékkarnir voru í eigu Iðnaðarbanka Íslands, aðalbanka, og áttu að vera þar í rammgerðri geymslu. Framangreind tékkaeyðublöð höfðu horfið úr hefti Helgu Haraldsdóttur, gjaldkera bankans. Ákærður (sic) var síðastl. sumar starfmaður bankans og er grunaður um að hafa tekið ferðatékkana og tékkaeyðublöðin þar ófrjálsri hendi. Kærður hefur ekki getað gefið næga skýringu á því, hvernig hann er kominn að tékkaeyðublöðunum, en hefur haldið því fram, að í sumar sem leið, líklega í júlí, hafi hann fundið þá á Laufásvegi skammt frá biðstöð Hafnarfjarðarstrætisvagna í Lækjargötu í Reykjavík.

Þau gögn, sem fyrir liggja í málinu og rakið var úr hér að framan, benda mjög til þess, að kærður hafi framið þá verknaði, sem hann er sakaður um. Hann hefur að vísu játað að hafa falsað sparisjóðsbókina sína, en neitanir hans eða skýringar, sem hann gefur í sambandi við önnur meint brot sín, eru engan veginn sennilegar eða sannfærandi, og hann ekki getað stutt þær öðrum gögnum. Einkum verður að líta til þess, að kærður var í aðstöðu til að taka áður nefnda ferðatékka og tékkaeyðublöð úr Iðnaðarbankanum og harla ólíklegt, að óútfylltir ferðatékkar hafi borist úr geymslum og glatast á götu úti, slíkt var fremur hugsanlegt við ferðatékka, sem höfðu verið seldir einhverjum viðskiptavinum bankans og þá borið nafnritun hans. Mál þetta er á frumstigi rannsóknar, og er á það fallist, að rannsóknarnauðsynjar séu til þess, að kærður verði í gæsluvarðhaldi, meðan rannsókn er haldið áfram, og komið verði þannig í veg fyrir að sakargögn spillist. Með vísun til 1. tl. 67. gr. laga nr. 74, 1974 ber því að úrskurða

kærða til að sæta gæsluvarðhaldi í máli þessu. Tíminn til 20. des. nk., kl. 17:00, þykir ekki óeðlilega langur miðað við hvernig málið er vaxið, og ber honum að hlíta gæsluvarðhaldsvist allt að þeim tíma.

Meint brot kærða geta varðað fangelsisrefsingu og ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar eigi gæsluvarðhaldi þessu til fyrirstöðu.

Ályktarorð:

Kærði, Einar Steinsson, Birkihvammi 1, Hafnarfirði, f. 11.2. 1961 sæti gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 20. des. 1985, kl. 17:00.

Miðvikudaginn 18. desember 1985.

Nr. 176/1985. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Hafsteini Viðari Ásgeirssyni

(Skarphéðinn Þórisson hrl.)

Fiskveiðibrot. Lögvilla.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson, Magnús Thoroddsen og Þór Vilhjálmsson.

Hinum áfrýjaða dómi var skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða 28. júní 1985, en af hálfu ákærvalds er málinu einnig áfrýjað til þvingingar. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 17. september 1985.

Héraðsdómari hefur dæmt þetta mál ásamt tveimur samdómendum samkvæmt heimild í 4. mgr. 5. greinar laga nr. 74/1974. Ekki er skráð í sakadómsbók, að þeir hafi unnið heit samkvæmt 1. mgr. 12. greinar nefndra laga svo sem gera átti. Héraðsdómurinn verður þó ekki ómerktur af þeirri ástæðu.

Eftir uppsögu héraðdóms hefur Guðjón Ármann Eyjólfsson, skólastjóri Stýrimannaskólans í Reykjavík markað á sjóuppdrátt